

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2016, mánudaginn 22. ágúst - kl.15.50 var haldinn **146. fundur** hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir formaður, Hörður Oddfríðarson, Eyrún Eypórsdóttir (í stað Oddnýjar Sigurðardóttur), Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvarinnar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi dags. 28. júní 2016 frá USK um Sogaveg 73-75 og 77 um breytingu á deiliskipulagi lagt fram. Hverfisráð óskar eftir fundargerð íbúafundar sem haldinn var 31. mars 2016.
2. Erindi dags. 2. ágúst 2016 frá fagteymi umhverfis- og skipulagssviðs i verkefninu *Hverfið mitt 2016* um hugmynd að listaverki í hverfinu lagt fram. Umræður. Málinu frestað til næsta fundar.
3. Erindi frá borgarráði dags. 8. júlí 2016 um tillögu að stefnu um frístundapjónustu. Umsögnum átti að skila inn fyrir 16. ágúst 2016.

Eftirfarandi bókun lögð fram:

Hverfisráð gagnrýnir tímaramma fyrir umsögn um tillögu að stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík 2016-2025 sem útilokaði að hverfisráð gæti lagt fram ígrundaða umsögn um hana þar sem ráðið fundaði ekki fyrir en eftir að lokafrestur umsagnar var útrunninn.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri við viðeigandi aðila.

4. Lagt fram svar frá skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2016 vegna erindis Þóris Stephensen dags. 14. maí 2016 til hverfisráðs með óskum um íbúafund um RÚV-reit sem ráðið áframsendi til skipulagsfulltrúa eftir 144. fund hverfisráðs sem haldinn var 23. maí 2016.
5. Umræður um húsnæðismál Sólbúa sem er frístundaheimili við Breiðagerðisskóla.
6. Næstu fundir hverfisráðsins áætlaðir 19. september, 17. október, 21. nóvember og 19. desember 2016 og munu fundirnir hefjast kl. 15:50.

Fundi slitið kl.17.00

Dóra Magnúsdóttir

Hörður Oddfríðarson

Eyrún Eypórsdóttir

Sigurður Eggertsson

Elínóra Inga Sigurðardóttir